

Sp.

522. Svar

[234. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði.

1.a. **Daggjaldagreiðslur** í þús. kr.:

1981	10 958
1982	19 725
1983	34 104
1984	43 561
1985	59 702

1.b. **Aukadaggjöld sjúklinga** á sömu árum. Innan sviga er rekstrarhalli hælisis (í þús. kr.):

1981	2 409	(2 340)
1982	4 258	(3 856)
1983	6 137	(7 430)
1984	7 708	(8 796)
1985	10 617	(12 123)

Tekið skal fram að daggjaldanefnd hefur aldrei gert tillögur um greiðslu halladaggjalda til heilsuhælis NLFÍ. Hefur rekstrarhalli ekki verið greiddur af opinberu fé.

1.c. **Daggjald** er 1 049 kr. frá 1. janúar 1986.

1.d. **Aukadaggjald** er nú að meðaltali 186,70 kr. á sjúkling. Aukadaggjald var að meðaltali 161 kr. árið 1985.

1.e. Daggjaldanefnd hefur fengið **reikninga hælisis**, einnig bráðabirgðauppgjör þegar óskað hefur verið eftir þeim.

2. Heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um **fjölda sjúklinga** hljóðar upp á 176 sjúkrarúm.

3. **Meðalfjöldi sjúklinga** árið 1985 var 181,5. Þetta er 3,1% fram yfir heimild og er ekki óalgengt á sjúkrastofnunum þar sem innlagnir eru að mestu af biðlistum.

Á heilsuhæli NLFÍ verður umframnýting helst að sumrinu til. Þá standa starfsmannaíbúðir um tíma auðar og eru þá nýttar tímabundið fyrir vistmenn.

4. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er hið **faglega eftirlit** með sjúkrastofnunum aðallega verkefni landlæknis. Ráðuneytið hefur þó sjálft kannað aðstæður og aðbúnað starfsfólks og sjúklinga á hælínu eins og á öðrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra.

- Bókhald** hefur ekki verið kannað sérstaklega. Daggjaldanefnd segir endurskoðaða ársreikninga berast reglulega frá hælínu. Nefndin kannar einstaka rekstrarþætti og ber þá saman við hliðstæða kostnaðarliði hjá sambærilegum sjúkrastofnunum. Sú könnun hefur að mati daggjaldanefndar ekki gefið tilefni til athugasemda.
5. Ráðuneytið hefur ekki fylgst með **starfsemi NLFÍ** og telur sig ekki hafa vald til slíks. Heilsuhælið hefur sjálfstæðan fjárhag og er rekið sem sjálfseignarstofnun óháð rekstri og fjárreiðum NLFÍ.
 6. Í **rekstrarstjórn heilsuhælisins** eru þrír fulltrúar tilnefndir af NLFÍ 2. sept. 1985:
Ólafur Þorgrímsson hrl., formaður,
Vilhjálmur Ragnarsson, starfsmaður NLFÍ, Reykjavík,
Hörður Friðþjófsson kennari, Hveragerði.
Af Hveragerðishreppi var tilnefnd eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar:
Alda Andrésdóttir bankafulltrúi, Hveragerði.
Starfsmannaráð hælisins kaus á síðasta ári sinn fulltrúa:
Birgi Bjarnason trésmið, Hveragerði.
Varamenn frá NLFÍ eru:
Eggert Kristinsson,
Jón Gunnar Hannesson,
Njáll Þórarinsson.
 7. **Endurskoðendur hælisins** hafa verið tveir á þessu tímabili:
Sigurður Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, til 1984.
Tryggvi E. Geirsson, löggiltur endurskoðandi, frá 1984.
 8. **Yfirlæknar** hafa þessir verið:
Ísak G. Hallgrímsson orkulæknir, til 1. júlí 1985.
Jón G. Hannesson, í hálfu starfi til 10. ágúst 1985 en síðan í heilu starfi til 1. febr. 1986.
Þórhallur B. Ólafsson, settur frá 1. febr. til 1. mars 1986, en þá kemur til starfa Jakob Úlfarsson lyflæknir sem yfirlæknir.
 9. Umsóknir um **stöðu hjúkrunarforstjóra** hælisins voru í upphafi ekki lagðar fyrir hjúkrunarráð en í janúar voru umsóknirnar sendar ráðinu og umsögn þess liggur fyrir, dagsett 29. jan. 1986. Hefur stjórn hælisins verið skrifað vegna þessa og lagafyrirmæli áréttuð.
 10. Ráðuneytinu hefur ekki borist **þróunar- og rekstraráætlun** frá stjórn heilsuhælisins, enda hefur lítið orðið úr framkvæmd þessa lagaákvæðis, nema í tengslum við nýbyggingar eða stækkun sjúkrahúsa.
 11. Ráðuneytið lítur svo á að **reglugerð nr. 452/1978** fyrir heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði sé enn í fullu gildi.
 12. Ráðuneytið telur þörf á að **athuga einstaka þætti** í starfi hælisins og rekstur þess í heild.
 13. Þörf er á að **efla aðhald í rekstri** og faglegt eftirlit með öllum sjúkrastofnunum. Í því skyni má e. t. v. finna leiðir til að nýta á virkari hátt ákvæði 28. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.